

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir Hlíðarhverfi – suðurhluta.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 24. ágúst 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hlíðarhverfi – suðurhluta.

Breytingin tekur til lóðarinnar Lönguhlíðar 28 og felur í sér stækkun á byggingarreit, breytingu á húsagerð úr einbýlishúsi í tvíbýlishús og aukningu á nýtingarhlutfalli úr 0,3 í 0,347. Þá er innkeyrslu bætt við frá Höfðahlíð og settir skilmálar um vegg hæð efri hæðar og staðsetningu bílgeymslu.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 6. september 2022,*

**María Markúsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfudagur: 20. september 2022